Ed. **318. Frumvarp til laga** [157. mál]

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1941, um landskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svofelld:
Skiptagerðum samkvæmt lögunum skal þinglýsa.

2. gr.

Úr 2. málsgr. 16. gr. falla brott orðin:
Skiptameðferð þessari skal þinglýsa.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Felst í því sú breyting ein, að skiptagerðir eftir landskiptalögunum séu yfirleitt háðar þinglýsingu, en gleggra þykir að haga orðalagi svo, sem hér er lagt til, heldur en eftir lögunum, eins og þau eru nú.